

Krónubréf
Fella ekki gengið ein og sér



12

Einhlíða evruvæðing
Ekki úr myndinni



12-13

Lýðheilsufraeði við HR
Fyrstu meistararnir útskrifast



14

Húsnæðisbréfakrísan lán í óláni

Michael Enthoven, forstjóri hollenska NIBC banka sem Kaupþing yfirtók á dögunum, segir húsnæðiskrísuna í Bandaríkjunum hafa reynst lán í óláni fyrir bankann.



MICHAEL ENTHOVEN, FORSTJÓRI NIBC Enthoven segir yfirtöku Kaupþings hafa verið mun betri kost heldur en skráningu á hlutabréfamarkað í eigin nafni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Áður en ljóst varð hver áhrif taps vegna annars flokks skuldabréfakaupa í Bandaríkjunum yrðu stóð til að skrá bankann á markað í Hollandi undir eigin nafni. „Yfirtaka Kaupþings er mun betri kostur,“ sagði Enthoven.

NIBC tapaði um tólf milljörðum króna á fyrri ársþingi vegna fjárfestinga í bandarískum húsnæðisskuldabréfum. Enthoven segir bankann hafa gert þau mistök að treysta matshæfisfyrirtækjum í blindni „Við töldum okkur hafa keypt skuldabréf með AAA einkunn, en við vanræktum heimavinnuna okkar.“

- jsk



TrackWell
FORÐASTÝRING

Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining

www.trackwell.com

FRÉTTIR VIKUNNAR

Vilja afskráningu | Fáir samþykktu yfirtökutilboð Eyjamanna ehf. annars vegar og Stillu ehf. hins vegar í Vinnslustöðina. Eyjamenn ehf., sem fara með rúmlega fimmtíu prósent hlutafjár, ætla að fara fram á afskráningu félagsins.

Innleysa hagnað | Magnús Jónsson, forstjóri Atorku Group, reiknar með að á næstu sex til átján mánuðum muni félagið leysa út hagnað af tveimur til fjórum fjárfestingum af svipaðri stærðargráðu og Jarðboranir sem seldust á 17,7 milljarða.

Kaupþing sektað | Aganefnd OMX-kauphallarinnar í Svíþjóð hefur sektað Kaupþing þar í landi um jafnvirði tæpra 1,9 milljóna íslenskra króna vegna brota eins miðlara á tilkynningaskyldu vegna viðskipta með hlutabréf.



Nýr yfirhagfræðingur | Eyjólfur Guðmundsson hagfræðingur hefur verið ráðinn yfirhagfræðingur hagkerfis tölvuleiksins EVE Online. Þetta mun vera í fyrsta skipti sem maður er ráðinn til að vinna inni í sýndarveruleika leiksins.

Til Danmerkur | Síminn hefur keypt danska fjarskiptafyrirtækið BusinessPhone Group sem er sérhæft í fjarskiptajónustu við minni og meðalstór fyrirtæki. Heildartekjur BusinessPhone í fyrra námu rúmum 550 milljónum íslenskra króna.

Helmingi meira | Tíu stærstu fjármálafyrirtæki Norðurlanda skiluðu riflega helmingi meiri hagnaði á fyrri hluta ársins eftir skatta en á sama tíma í fyrra. Í þessum hópi eru Kaupþing, Landsbankinn og Glitnir.

Grandi hagnast | HB Grandi var rekinn með riflega 2,9 milljarða króna hagnaði á fyrsta ársþingi. Það var mikill viðsnúningur frá fyrra ári þegar félagið tapaði tæpum 2,6 milljörðum króna.

Landsbankinn á 10% í Kauphöllinni í Ósló

Gríðarlegur vöxtur síðustu sjálfstæðu kauphallarinnar á Norðurlöndum vekur athygli annarra kauphalla. Hagstæð verðlagning að mati stjórnenda Landsbankans.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Landsbankinn hefur eignast tíu prósent hlut í Oslo Børs Holding ASA, eignarhaldsfélagi Kauphallarinnar í Ósló. Markaðsvirði Oslo Børs Holding nam tæpum fjórutíu milljörðum króna í gærmorgun og er hlutur Landsbankans því metinn á um fjóra milljarða króna.

Sigurjón Þ. Arnason, bankastjóri Landsbankans, segir að stjórnendum banksins hafi litist vel á kauphöllina sem fjárfestingarkost, en kaupin fóru fram fyrir í sumar. „Okkur fannst þetta tiltölulega hagstætt verð á þessum bréfum miðað við hvernig svona fyrirtæki hafa verið að ganga kaupum og sölum upp á síðkastið.“

Bankinn á 2,5 milljónir hluta sem gerir hann að næststærsta hluthafanum í félaginu á eftir DNB Nor sem heldur utan um 19,67 prósent hlut. Kauphallarsamstæðan OMX, sem Kauphöll Íslands tilheyrir, er einnig með tíu prósent hlut sem hún eignaðist í október í fyrra. Vöktu þau viðskipti töluverða athygli á sínum tíma, enda höfðu forsvarsmenn OMX lýst yfir áhuga

STÆRSTU HLUTHAFAR OSLO BÖRS HOLDING

1. DNB Nor Bank	19,7%
2.-3. Landsbankinn	10,0%
2.-3. OMX	10,0%
4. KLP Forsikring	9,8%
5. Norsk Hydros Pensjonkasse	8,3%
6. Orkla	5,0%
7. Nordea	4,4%
Alls 20 stærstu	92,0%

sínum á að sameinast kauphöllinni í Ósló.

Ætla má að tvennt vaki fyrir Landsbankanum með þessum kaupum: Annars vegar er líklegt að Kauphöllin í Ósló, sem er eina sjálfstæða kauphöllin á Norðurlöndum, renni síðar inn í stærri heild. Hins vegar hefur rekstur eignarhaldsfélagsins gengið vel og fjármunamyndun er sterk. Þetta hefur birst í riflegum arðgreiðslum til hluthafa.

Barist hefur verið um yfirráð yfir kauphöllum víðs vegar um heiminn, þar á meðal OMX eins og komið hefur fram. Stjórnir manna hafa oftan en ekki beinst að norsku kauphöllinni og þar hefur nafn OMX komið upp. Forsvarsmenn Oslo Børs Holding hafa hins vegar hingað til viljað halda í sjálfstæði kauphallarinnar og benda á gríðarlegan vöxt í umsvifum félagsins á liðnum árum. Þannig er veltan í Ósló orðin meiri en í hinum norrænu kauphöllum og hafa fyrirtæki í orku- og olíugeiranum streymt þangað í stríðum straumum.

Eignarhaldsfélagið skilaði hagnaði fyrir skatta upp á 78,2 milljónir norskra króna á fyrri hluta ársins, jafnvirði 860 milljóna króna. Það var ríflega fjórtán prósent aukning á milli ára.

Veðurtjón á eftir að tvöfaldast

Swiss Re, stærsta endurtryggingafélag heims og í fremstu röð áhættumatsfyrirtækja, varar við afleiðingum loftslagsbreytinga á Norðurlöndum.

Tjón af völdum veðurfars í Skandinavíu kemur til með að tvöfaldast fyrir lok 21. aldar, samkvæmt því sem fram kemur á ráðstefnunni Nordic Risk & Insurance Summit (NORIS) sem hófst í Stokkhólmi í gær. Ráðstefnunni, sem er á vegum helstu norrænu vattryggingarfélaganna, lýkur í dag.

Swiss Re, stærsta endurtryggingafélag heims og í fremstu röð áhættumatsfyrirtækja, varar við afleiðingum loftslagsbreytinga á Norðurlöndum til lengri tíma lítið og segir vetrarstormana Anatol, Gudrun og Per aðeins vera fyrir-

boða um illviðrasamari tíð í Skandinavíu. Verra veður segir félagið svo að muni leiða til tvöföldunar á bótakröfum vegna tjóns af völdum veðurs fyrir lok þessarar aldar. Með þetta í huga ræða sérfræðingar fyrirtækisins á ráðstefnunni hvernig beita megi öðrum aðferðum við áhættudreifingu en nú er gert, svo sem stóráfallaskuldabréfum, til að takast á við efnahagslegar afleiðingar loftslagsbreytinga. Haft er eftir Luca Albertini, framkvæmdastjóra fjármálastýringar og ráðgjafarþjónustu Swiss Re að markaður fyrir tryggingartengd

skuldabréf muni að öllum líkindum vaxa hratt á komandi árum.

„Swiss Re áætlaðar að vetrarstormar í Evrópu kosti nú tryggingafélagin árlega um 2,6 milljarða evra [nærri 230 milljarða króna]. Ef gert er ráð fyrir einfaldri línulegri aukningu hækkar þessi tala um á að gíska 11 milljónir evra [tæpan milljarð króna] árlega. Miðað við áætlaðar árlegar tjónakröfur má því ætla að kostnaður vegna tryggðra tjóna í Skandinavíu hafi tvöfaldast fyrir næstu aldamót,“ segir í tilkynningu félagsins.

- óká

Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar

Peningabréf Landsbankans

ISK 14,0%*

GBP 7,0%*

DKK 5,4%*

USD 5,1%*

CAD 4,3%*

EUR 4,4%*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldeyrisreikningar. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.

 Landsbankinn

Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluðili sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

*Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. júlí - 31. júlí 2007.

GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	2,21%	36,83%
Bakkavör	1,65%	8,16%
Exista	5,25%	51,56%
FL Group	4,36%	3,33%
Glitnir	2,52%	22,10%
Eimskipafélagið	7,92%	30,00%
Icelandair	3,85%	-2,17%
Kaupþing	3,55%	38,76%
Landsbankinn	2,13%	53,77%
Straumur	3,52%	18,39%
Teymi	16,01%	13,86%
Össur	0,903%	-4,42%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

Smærri fjárfestum fækkar hlutfallslega

Svo virðist sem hlutfall smærri fjárfesta í Kauphöll Íslands hafi minnkað á þessu ári. Dagleg velta í Kauphöll Íslands nemur að meðaltali 10.798 milljónum króna á mánuði. Hún hefur aukist um 36 prósent frá tímabilinu janúar til ágúst í fyrra. Hins vegar hefur fjöldi daglegra viðskipta dregist saman á tímabilinu. Þau voru 539 að meðaltali á mánuði í fyrra en eru nú 515 það sem af er ári.

Í Morgunkorni Glitnis segir að eðlilegt megi teljast að hlutfall smærri fjárfesta á markaðnum hafi dregist saman. Alla jafna séu þeir áhættufælnastir. Því megi gera ráð fyrir að sam-



KAUPHÖLL ÍSLANDS Dagleg velta í Kauphöllinni eykst á meðan fjöldi daglegra viðskipta dregst saman.

setning fjárfesta verði óbreytt næstu mánuðina.

Metin falla hvert af öðru í Kauphöllinni um þessar mundir.

Síðastliðinn fimmtudag var veltan með hlutabréf orðin jafn mikil og allt árið í fyrra. Nam hún 2.198 milljörðum króna. - hhs

Milljón í sekt

Sund þurfa að greiða eina milljón króna í sekt fyrir að hafa ekki orðið við ítrekaðri beiðni Samkeppniseftirlitsins um gögn vegna rannsóknar á viðskiptum með hlutabréf í Glitni banka um miðjan maí á þessu ári.

Í tilkynningu eftirlitsins kemur fram að félagið hafi ekki svarað ítrekaðri gagnbeiðni fyrir en 25. júlí. „Með því hafa Sund brotið gegn skyldu til þess að verða við gagnabeiðni Samkeppniseftirlitsins en samkvæmt 37. gr. samkeppnislaga leggur Samkeppniseftirlitið sekt á félag sem brjóta gegn skyldu til þess að afhenda gögn,“ segir í tilkynningunni. - ók

Yfirdráttur heimila minni en talið var

Yfirdráttarlán heimila jukust minna í júlí en upphaflegar tölur bentu til. Í lok júlí námu þau 71,2 milljörðum króna í stað 75,6 milljarða króna eins og áður var talið. Þetta sýna endurskoðaðar tölur frá Seðlabanka Íslands og segir frá í Hálf fimm fréttum Kaupþings. Fyrri tölur sýndu fram á sögulegt hámark yfirdráttarlána. Reyndin er hins vegar að upphæð þeirra er svipuð og í upphafi þessa árs. Yfirdráttarlánin höfðu hins vegar farið jafnt og þétt lækkandi frá því um áramótin. Í júní mæld-



Í BANKANUM Yfirdráttarlán heimila jukust minna í júlí en upphaflegar tölur bentu til. Þau námu 71,2 milljörðum króna í júlí.

ust þau 64,7 milljarðar og höfðu ekki verið lægri í tvö ár. Um tölurverða aukningu er því að ræða milli júní og júlí eftir sem áður. Nemur hún 6,5 milljörðum. - hhs

Þrír sjóðir með helminginn

Þrír stærstu lífeyrissjóðirnir, LSR, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Gildi lífeyrissjóður, áttu um helming af heildareignum lífeyrissjóðanna í árslok 2006 samkvæmt könnun Landssamtaka lífeyrissjóða.

Heildareignir lífeyrissjóðakerfisins námu 1.500 milljörðum króna um síðustu áramót og höfðu aukist um 23 prósent á

milli ára. Samanlagt áttu þrír stærstu sjóðirnir 738 milljarða króna.

Tíu stærstu sjóðirnir áttu 1.227 milljarða króna sem svaraði til 82 prósentu af heildareignum lífeyrissjóðakerfisins. Um mitt þetta ár voru hreinar eignir lífeyrissjóða komnar í 1.622 milljarða króna sem var um níu prósentu aukning frá ársbyrjun. - eþa

Forverinn með hærri laun

Sameinaði lífeyrissjóðurinn greiddi Jóhannesi Siggeirssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra sjóðsins, hærri laun en núverandi framkvæmdastjóra á síðasta ári. Launagreiðslur til Jóhannesar, sem lét af störfum sem framkvæmdastjóri Sameinaða í febrúar 2005, námu 16,3 milljónum króna í fyrra en Kristján Örn Sigurðsson, sem gegnir nú starfi framkvæmdastjóra, fékk 14,7 milljónir.

Eins og greint var frá í fjölmiðlum á sínum tíma gerðu þáverandi formaður og varaformaður Sameinaða lífeyrissjóðsins við-

auka við ráðningarsamning fyrrverandi framkvæmdastjóra árið 2000. Fram kom í fréttabréfi Sameinaða lífeyrissjóðsins í júlí 2005 að þáverandi stjórn sjóðsins var ekki kunnugt um þennan viðauka. Hann fól í sér að við starfslok framkvæmdastjóra skyldi hann halda fullum launum í þrjátíu mánuði, sem eru alls 43 milljónir króna, að meðtöldum uppsagnarfresti samkvæmt frétt Morgunblaðsins á sama tíma.

Reikna má því með að Jóhannes verði á launaskrá sjóðsins bróðurpart þessa árs. - eþa

Erlendir hluthafar horfnir úr eigendahópi Straums

Erlendir fjárfestar sem eignuðust hlut í Straumi við sölu FL Group í fyrra hafa selt hlut sinn í félaginu.

Eggert Þór Aðalsteinsson
skrifar

Svo virðist sem þeir erlendu fjárfestar sem stóðu meðal annars að kaupum á 22,6 prósentum hlutfjár í Straumi-Burðarási af FL Group í desember á síðasta ári séu að mestu eða öllu leyti farnir út úr hluthafahópi Straums, þrátt fyrir þá yfirlýstu stefnu félagsins að laða útlendinga að eigendahópi félagsins.

Meðal þeirra fjárfesta sem keyptu bréfin af FL voru tveir bandarískir fagfjárfestar sem eignuðust um tveggja prósentu hlut eins og kom fram í Fréttablaðinu þegar gengið frá viðskiptunum. Meðal hluthafa sem komu inn á lista yfir tuttugu stærstu hluthafa voru Criollo S.A., Omricon Association S.A. og Visgan Corp sem hver sig átti 1,68 prósentu hlut í bankanum um síðustu áramót. Þessir þrír aðilar féllu út af lista yfir tuttugu stærstu hluthafa félagsins í febrúar og virðist sem Landsbankinn í Lúxemborg hafi tekið við þessum bréfum.

Straumur-Burðarás keypti sjálfur átta prósent af eigin bréfum á genginu 18 krónur á hlut þegar FL fór að mestu út úr félaginu. Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Straums, sagði þá að félagið myndi ekki eiga eigin bréf til langs

TÍU STÆRSTU HLUTHAFAR STRAUMS-BURÐARÁSS

1. Samson Global Holdings	32.89%
2. Landsbanki Luxembourg	24.42%
3. Löngusker ehf.	3.75%
4. Straumur-Burðarás	2.26%
5. GLB Hedge	1.91%
6. LSR	1.70%
7. Lífeyrissjóður verzlunarmanna	1.34%
8. Fjárfestingasjóður ÍS-15	1.22%
9. Arion safnreikningur	1.12%
10. Landssjóður hf, úrvalsbréfad.	0.98%

Miðað við 28.08.2007



WILLIAM FALL FORSTJÓRI STRAUMS Kynnir síðasta uppgjör félagsins.

tíma; þeim yrði annaðhvort miðlað út til áhrifa-fjárfesta eða stærri hóps fjárfesta.

Mikil gagnrýni hefur beinst að félaginu eftir að að stór hluti þessara eigin bréfa var seldur á dögnum til erlendra fjárfesta. Hefur félagið verið sakað um að selja bréfin á undirverði. Straumur hagnaðist lítilllega við sölu á genginu 18,6 krónur á hlut en hluturinn endaði í 19,6 krónum þann sama dag og greint var frá sölu eigin bréfa. Forsvarsmenn félagsins hafa bent á að sala á bréfunum hafi farið fram á markaðsverði þess tíma og farið hafi verið í einu og öllu eftir settum reglum um upplýsingagjöf á markaði, til dæmis hvað varðar flögunarskyldu.

Már Músson, upplýsingafultrúi FME, segir að eftirlitið hafi óskað eftir upplýsingum frá Straumi vegna nýlegra viðskipta með eigin bréf. „Þetta verður bara skoðað, með tilliti til annars vegar virkra eignarhluta og hins vegar þess sem snýr að flögunarskyldunni.“

Frelsi til athafna er stærsta lánið



Við gerum þér tilboð í fjármögnun á atvinnuhúsnæði

til kaupa eða endurfjármögnunar í íslenski og/eða erlendri mynt.

Veldu frelsi – fáðu ráðgjöf hjá viðskiptastjórum SPRON

Nánari upplýsingar fást í næsta útibúi SPRON, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

75 ára

SPRON

Stuttar boðleiðir
Svar innan þriggja virkra daga frá því að fullnægjandi gögnum er skilað.



IBM BladeCenter heldur heiminum gangandi

Sveigjanleiki og lágur rekstrarkostnaður í fyrirrúmi hjá stjórnendum CCP

Yfir 200.000 „íbúar“ sem treysta á öryggi

Í EVE-heiminum „búa“ rúmlega 200.000 manns frá 220 löndum sem treysta á að IBM BladeCenter og IBM System x netþjónar haldi heiminum gangandi.

Einfalt að byggja upp tölvukerfi – lægri stofnkostnaður

Með því að treysta á IBM BladeCenter og IBM System x netþjóna hefur stjórnendum EVE-Online verið gert auðvelt að byggja upp miðlægt tölvukerfi án þess að leggja í mikinn stofnkostnað. Með þeim mikla vexti sem hefur verið hjá EVE-Online undanfarin ár hefur svo tölvukerfið vaxið með þeim í samræmi við þeirra þarfir.

40% markaðshlutdeild í Blade netþjónum

IBM var með 40% markaðshlutdeild í Blade netþjónum árið 2006. Ástæðan eru yfirburðir IBM Blade netþjóna hvað varðar þróun, hönnun og tækni sem eykur öryggi, lækkar rekstrarkostnað og gerir fyrirtæki sveigjanlegri til að takast á við ný tækifæri.

Hafðu samband við söluráðgjafa Nýherja sem veita þér faglega ráðgjöf við val á rétta netþjónum sem aðstoðar fyrirtækið þitt að ná hámarks árangri.



*Heimild: IDC, febrúar 2007



Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is

Tesco náði Dobbies

Yfirtökubaráttu um skosku garðvörukeðjuna Dobbies Garden Centres er lokið en breski verslanarisinn Tesco hefur tryggt sér 23,5 prósent hlutabréfa í henni. Þetta kemur til viðbótar 29,6 prósent hlut sem Tesco á fyrir. Breskir fjölmiðlar hafa eftir Terry Leahy, forstjóra Tesco, að hann væri himinlifandi og sæi loks fram á að ýta þeim áætlunum úr vör sem verslanakeðjan lagði upp með þegar tilboð í Dobbies upp á rúmar 155 milljónir punda, 20 milljarða króna, var gert í júní.



Skoski auðkýfingurinn Tom Hunter, sem situr á tæpum þriðjungi bréfa í Dobbies, hefur verið andsnúinn áformum Tesco frá upphafi og áformaði að gera sjálfur gagntilboð. Hunter á sjálfur tvær garðvörukeðjur í félagi við Baug. Þótt Hunter hafi dregið sig úr baráttunni ætlað hann að halda fast í hlutabréf sín og er talið að hann geti velgt Tesco undir uggum á hluthafafundum. - job

BROSANDI AUBJÖFUR Breskir fjölmiðlar segja að þótt Tesco hafi tryggt sér meirihluta bréfa í garðvörukeðjunni Dobbies geti skoski auðkýfingurinn Tom Hunter velgt meirihlutaeignum undir uggum.

Bæði innlend og erlend tilboð

Opin kerfi hafa verið í sölumæðferð síðan snemma í sumar. Forsvarsmenn fyrirtækisins geta valið úr nokkrum tilboðum.

Tilboð hafa borist í Opin kerfi bæði frá innlendum og erlendum aðilum að sögn Aðalsteins Valdimarssonar stjórnarformanns. Aðalsteinn segir Opin kerfi hafa farið í sölumæðferð nú snemma sumars. „Tilboðin eru fyrst að koma inn núna, enda er mikil og tímafrek vinna fólgin í því að setja fyrirtæki á sölu.“

Aðalsteinn vill ekki gefa upp hugsanlegt kaupverð fyrirtækisins, og segir ekki tímabært að skýra frá því hvenær gengið verði formlega frá sölu enda ekkert fast í hendi enn sem komið er.



FROSTI BERGSSON Opin kerfi eru til sölu og hafa nokkur tilboð borist. Frosti Bergsson játar því hvorki né neitar að hann hafi áhuga á að eignast félagið á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

Vitað er að Frosti Bergsson, fyrrverandi stjórnarformaður Opinna kerfa og annar stofnenda fyrirtækisins, hefur löngum haft áhuga á því að koma að rekstrinum á ný. Frosti vildi í samtali við Markaðinn hvorki játa því né neita að hann hefði áhuga á fyrirtækinu. „Ég hef kosið að tjá mig ekkert um þetta mál,“ sagði Frosti. Norrænir fjölmiðlar hafa greint frá því að norska fyrirtækið Ementor leiði kapphlaupið um Opin kerfi. Einnig hefur komið fram að hið danska EDB Gruppen og breska fyrirtækið Computacenter hafi sýnt Opnum kerfum áhuga. - jsk

Einfalda þarf lagaumhverfi sparísjóða

Nýrri nefnd sem Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra hefur sett á stöfn er ætlað er að fara yfir lagaumhverfi sparísjóðanna og gera tillögur til breytinga. Björgvin segir nauðsynlegt að einfalda ýmislegt í þeim kafla löggjafarinnar um fjármála-fyrirtæki sem lýtur að sparísjóðunum. Greiða þurfi þeim leið til breytinga, þegar kemur að hlutafélagavæðingu, verslun með stofnbref, útgáfu nýs stofnfjár og fleira.

Þessu til viðbótar segir hann að standa þurfi vörð um sjálfseignasjóði sparísjóðanna og tryggja að notkun á fé úr þeim verði skilyrt

við upprunasvæði. „Markmiðið er að standa vörð um sjóðina, efla þá sem fjármálastofnanir en gera þeim kleift að breytast eins og stjórnendur og eigendur þeirra telja að þurfi að gera.“

Árið 2002 var ráðist í miklar breytingar á lagaumhverfi sparísjóðanna. Þá voru samþykktar breytingar á lögum um fjármála-fyrirtæki sem gerðu sparísjóðum kleift að breyta félagaförmi sínu í hlutafélag. Síðan hefur aðeins SPRON samþykkt stofnun hlutafélags um starfsemi sjóðsins.

Miðað er við að nefndin ljúki störfum fyrir 1. júní á næsta ári. - hhs



HÚS TEKIB UPP Í SKULDIR Bloomberg hefur eftir greinendum að ekki sjái fyrir endann á þrængingum á bandarískum fasteignamarkaði.

Titringurinn enn til staðar

Mestu niðursveiflunni á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum virðist lokið en lítið þarf til að valda taugatitringi.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Gengi hlutabréfa lækkaði nokkuð á fjármálamörkuðum í Evrópu og Asíu í gær í kjölfar niðursveiflu á bandarískum markaði á mánudag. Bandaríski markaðurinn hafði reyndar tekið ágætlega við sér í lok síðustu viku eftir að viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna greindi frá því að sala á nýjum fasteignum hefði verið langt umfram spár auk þess sem eftirspurn eftir varanlegum neysluvörum, svo sem bílum og húsbúnaði, hefði verið meiri en gert var ráð fyrir.

Ljóst þykir að enn sé nokkur titringur í kerfinu líkt og sannaðist í byrjun vikunnar þegar gögn sýndu að endursala á fasteignum í Bandaríkjunum hefði dregist nokkuð saman í síðasta mánuði en sala á fasteignum hefur ekki verið með minna móti í fimm ár. Samdrátturinn er hins vegar mismikill eftir svæðum enda jókst salan á sumum stöðum, svo sem í NA-hluta Bandaríkjanna á meðan hún stóð í stað í suðurhlutanum. Í ofanálag lækkaði verð á fasteignum á sama tíma talsvert á milli mánaða og hefur lækkanafæri nú staðið yfir vestanhafs í eitt ár. Þessi þróun hefur skilað sér í því að óseldar fasteignir í Bandaríkjunum hafa ekki verið fleiri í heil 16 ár, að sögn fréttaveitu Bloomberg.

Fréttir af fasteignamarkaði í Bandaríkjunum ráða þannig enn nokkrum um þróun á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum. Eins og margoft hefur komið fram liggur rót niðursveiflu á alþjóðlegum hlutabréfamarkaði í miklum samdrætti á fasteignalánamarkaði í Bandaríkjunum í kjölfar aukinna vanskila einstaklinga með litla greiðslugetu sem fyrst varð vart á vordögum.

Nokkur fyrirtæki í Bandaríkjunum, sem hafa einbeitt sér að lánveitingum til einstaklinga í þessum flokki, hafa horft upp á sjóði sína tæmast og hafa nokkur þeirra farið í þrot. Þá berjast önnur í bókkuðum, þar á meðal nokkur af stærstu fasteignalánafyrirtækjum landsins. Fjármálafyrirtæki hafa af þessum sökum hert frekar útlánareglur sínar og gert meðal annars kröfur um að einstaklingar sýni fram á betri fjárhagslegan stöðugleika en áður.

Greinendur sjá ekki fyrir endann á hremmingum á bandarískum fasteignamarkaði og telja næsta öruggt að aðgerðir lánastofnana muni aðeins gera fólki í fasteignakaupahugleiðingum erfiðara um vik og jafnvel halda þeim frá fasteignakaupum. Það muni svo skila sér í því að fasteignum á söluskrá muni enn fjölga á næstu mánuðum auk þess sem hætta sé á að samdrátturinn komi niður á einkaneyslu en slíkt getur dregið úr hagvexti í Bandaríkjunum, að mati Bloomberg.

Sölunni lokið á AAT

Hf. Eimskipafélag Íslands hefur selt 49 prósent hlut félagsins í Avion Aircraft Trading (AAT) á 28 milljónir Bandaríkjadala, eða sem nemur tæplega 1,8 milljörðum króna.

Kaupandi er Arctic Partners ehf. sem er í eigu Hafþórs Hafsteinssonar, stjórnarformanns AAT, Arngríms Jóhannssonar, stjórnarmanns og annarra stjórnenda. Arctic Partners keypti 51 prósent hlut í AAT af Eimskipi í október í fyrra. Fram að þeim tíma var félagið að fullu í eigu Eimskips.

Hafþór Hafsteinsson, starfandi stjórnarformaður Avion Aircraft Trading, segir samstarfið við Eimskip síðustu misseri hafa verið mjög ánægjulegt en nú hafi verið rétti tímamunkturinn til að kaupa félagið í heild. „Við erum að vinna í spennandi verkefnum og horfum fram

á góð tækifæri sem styðja við kaupin.“

Í tilkynningu Eimskips kemur fram að söluhagnaður félagsins af 49 prósent hlutnum nemi um 24 milljónum Bandaríkjadala, en það eru rúmlega 1,5 milljarðar króna. Salan verður færð á þriðja ársfjórðung og andvirðið notað til að greiða niður skuldir Eimskips sem til eru komnar vegna mikilla fjárfestinga í fyrirtækjum á sviði kæli- og frystigeymsla.

Salan á AAT er í samræmi við stefnu Eimskips um að selja frá félaginu flugrekstrartengdar eignir. Baldur Guðnason, forstjóri Eimskips, segir mikilvægt fyrir félagið að einbeita sér að kjarnastarfsemi sinni sem sé í flutningum og geymslu á kæli- og frystivörum. „Við erum að byggja hana upp og höfum nú þegar leiðandi stöðu á því sviði á heimsvísu.“ - óká

capacent

„Stjórnendur ná árangri með því að aðstoða aðra við að bæta árangur sinn. Þeir mega hins vegar ekki gleyma að rækta sjálfa sig.“

Vilmar Pétursson, partner hjá Capacent Ráðgjöf.

SPENNANDI NÁMSKEIÐ Á TAÍLANDI STJÓRNENDABJÁLFUN & LÍKAMSRÆKT

Námið hefst 19. október og 31. október.
Skráningarfrestur er til 17. september.

www.capacent.is



Safnaðu því sem skiptir máli

Engar aukakrónur, engir punktar, **bara alvöruávöxtun.**

SPRON Verðbréf halda áfram að hækka flugið og eru enn sem fyrr með langhæstu ávöxtun sambærilegra sjóða á markaði eða **15,3%***

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugrar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á **spronverdbref.is**



75 ára

 **spron**

VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – verdbref@spron.is – www.spronverdbref.is

*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. júlí 2007, uppreiknað á ársgrundvelli.

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON. Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, www.spronverdbref.is.

Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum. Tölur samkeppnisaðila eru unnar úr gögnum frá www.sjodir.is.



MICHAEL ENTHOVEN, FORSTJÓRI NIBC Enthoven segir mikil tækifæri í Þýskalandi fyrir hinn nýsameinaða banka.
FRÉTTAÐIÐ/HÖRÐUR

Kaupþingsmenn sáu skóginn fyrir trjánnum

Tvö hundruð og sjötíu milljarða yfirtaka Kaupþings á hinum hollenska NIBC banka er sú stærsta í Íslandssögunni. Michael Enthoven, forstjóri NIBC, var staddur hér á landi á dögnum og hitti Jón Skaftason að máli. Enthoven hrósar forsvarsmönnum Kaupþings fyrir einurð og skýra framtíðarsýn. Þeir hafi litið á kjarnastarfsemi NIBC en ekki látið skammtímasveiflur á markaði byrgja sér sýn.

NIBC er rótgróinn hollenskur banki, stofnaður árið 1945 við lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Útibú bankans má finna í London, Brussel, Frankfurt, New York og Singapur. Með samruna bankana tveggja má segja að staða Kaupþings sem alþjóðlegs banka styrkist enn. NIBC hefur einkum starfað í Hollandi og Belgíu, og hefur auk þess verið að ryðja sér til rúms í Þýskalandi.

Michael Enthoven, forstjóri NIBC, segir bankana tvo eiga vel saman. NIBC hafi fyrst rekist á Kaupþing árið 2005 þegar Kaupþing keypti hinn danska FIH banka. FIH og NIBC voru svokallaðir systurbankar, stofnaðir undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar og ætlað að aðstoða við uppbyggingu samkeppnishæfra hagkerfa í stríðslok. „NIBC var meira að segja meðal hluthafa í FIH. Það má því segja að við höfum rekist á Kaupþing í gegnum þessi tengsl okkar við FIH.“

Viðræður milli NIBC og Kaupþings hófust fyrst árið 2005, að sögn Enthovens. Hann segir strax hafa orðið ljóst að bankarnir tveir hefðu mjög svipaða stefnu, þótt landfræðileg dreifing hafi verið önnur. „Okkur varð strax ljóst að hugmyndafræðin var sú sama. Á þessum tíma stóðu hins vegar bæði fyrirtækin í stórræðum. Hjá okkur urðu breytingar á eindahópnun og Kaupþing stóð í yfirtöku á Singer og Friedlander. Samruninn var því kannski ekki raunhæfur á því augnabliki, en við höldum sambandi og styrktum innviðina í NIBC. Nú á vordögum fannst okkur sem rétti tíminn væri runninn upp, og viðræður gengu mjög snögg fyrir sig.“ Bæði Kaupþing og NIBC hafa lagt mikla áherslu á þjónustu við millistór fyrirtæki á markaði og eiga því afar vel saman, segir Enthoven.

TÆKIFÆRI Í UMBROTUM Á ÞÝSKALANDSMARKAÐI

Á kynningarfundum eftir kaupin nefndi Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, að mikil vaxtartækifæri væru fyrir hinn sameinaða banka Kaupþings og NIBC í Þýskalandi. Hreiðar sagði stefnu bankanna tveggja mjög sambærilega; báðir einbeittu sér að smærri og meðalstórum fyrirtækjum. Þannig gætu bankarnir selt þjónustu hvors annars til stærri viðskiptamannahóps. Enthoven segir mörg milli-

stór fyrirtæki í Þýskalandi sem hafi not fyrir þjónustu á borð við þá sem Kaupþing og NIBC hafa veitt. „Í Þýskalandi eru gríðarlega mörg millistór fyrirtæki; gjarnan tæknifyrirtæki og útflutningsfyrirtæki. Þessi fyrirtæki voru flest stofnuð á eftirstríðsárunum, mörg þeirra hafa verið í eigu sömu fjölskyldnanna frá upphafi. Nú standa mörg fyrirtækjanna á tímamótum, þurfa að finna eftirmenn frumkvöðlanna og svo framvegis. Við teljum mikil tækifæri fólgin í þeirri endurskipulagningu sem fram undan er.“

Enthoven bætir því við að þýska bankakerfið eigi í ákveðnum erfiðleikum þessi misserin. Þær fjárhagslegu byrðar sem margar þýskar bankastofnanir tóku á sig í kjölfar sameiningar Austur- og Vestur-Þýskalands hafi verið þeim fjötur um fót. „Þær þýsku bankastofnanir sem einblíndu á innanlandsmarkað fóru illa út úr sameiningunni. Öðrum sem beindu sjónum sínum út á við, líkt og Deutsche Bank, hefur hins vegar vegnað vel. Við teljum okkur geta veitt þjónustu í Þýskalandi sem þarlendrar bankastofnanir hafa ekki getið boðið sínum kunnnum undanfarin ár.“

Íslensku bankarnir teljast vart rótgrónir á alþjóðlegum mælikvarða, enda tiltölulega nýsloppnir úr greipum ríkisvaldsins. Enthoven segist ekki hræðast þótt íslenska bankakerfið hafi á stundum fengið neikvæða umfjöllun erlendis. „Kaupþing hefur vaxið og dafnað mjög hratt. Okkur fannst mjög mikilvægt að sjá hversu vel Kaupþingi tókst til við kaupin á FIH. Við sjáum nú bara þá umræðu sem er í gangi núna vegna ástandsins á bandaríska húsnæðislandsmarkaðnum. Svona umræða skýtur alltaf upp kollinum annað slag, og kemur fyrir á bestu bæjum.“

Enthoven segir áberandi hversu mikill kraftur einkenni íslenskt viðskiptalíf og þá sem þar starfa. Íslendingarnar vekja athygli hvar sem þeir koma, fyrir hraða ákvarðanatöku og unglegt yfirbragð. „Þegar tilkynnt var um kaupin, fjölluðu hollensku blöðin mikið um það hversu gamall ég liti út við hliðina á Hreiðari Má Sigurðssyni, forstjóra Kaupþings. Síðan voru fréttir af kaupum Marels á auknum hlut í Stork Food Systems sama dag. Það var engu líkara en að víkingarnir hefðu ráðist inn í Holland. Á forsíðu hins hollenska Financial Times var eingöngu fjalla um Íslendinga.“

HÚSNÆÐISBRÉFAKRISAN LÁN Í ÓLÁNI

NIBC fjárfesti í svokölluðum sub-prime, eða annars flokks, bandarískum húsnæðisbréfum. Áhrif skuldabréfakaupanna voru skýr í hálfársuppgjöri bankans. Hagnaður félagsins dróst saman um níutíu og átta prósent milli ára og nam einungis 270 milljónum króna. Alls tapaði NIBC um tólf milljörðum króna á fyrstu sex mánuðum árs vegna fjárfestinga í annars flokks húsnæðisbréfum.

Skuldbindingar NIBC í þessum bandaríska húsnæðisbréfum voru undanþegnar samningum við yfirtöku Kaupþings. Enthoven viðurkennir að gerð hafi verið mistök þegar ákveðið var að fjárfesta í bréfunum. Ekki hafi verið um strategíska ákvörðun að ræða, heldur hafi NIBC treyst matsfyrirtækjum í blindni. „Við töldum okkur hafa keypt skuldabréf með AAA-einkunn. Með því að horfa einungis á láns-hæfiseinkunnina má segja að við höfum vanrækt heimavinnuna okkar, og því fór sem fór. Við gerðum ekki ráð fyrir þeim undirliggjandi þáttum sem réðu því að allt fór á hvolf á endanum.“

Uppi voru áform um að skrá NIBC á markað í Hollandi, en ekkert varð úr þeim eftir að annars flokks húsnæðislánin tóku að skekja fjármálamarkaði. Enthoven segir að kannski hafi sú krísa verið lán í óláni fyrir NIBC. „Yfirtaka Kaupþings er mun betri kostur heldur en skráning á hlutabréfamarkað undir okkar eigi nafni. Eftir sameininguna erum við sterkari, áhrifa okkar gætir víðar, við eigum greiðari aðgang að fjármagni og getum boðið þjónustu sem ekki var á okkar færi áður. Einhvern veginn er það alltaf þannig að áföllum fylgja ný tækifæri og svo var sannarlega nú.“

Enthoven hrósar Hreiðari Má Sigurðssyni og öðrum í stjórnendateymi Kaupþings fyrir að hafa séð skóginn fyrir trjánnum. Þeir hafi ekki látið á sig fá þótt NIBC hafi orðið illa úti í húsnæðisbréfafrísunni. „Þeir litu á okkar kjarnastarfsemi og létu ekki skammtímasveiflur byrgja sér sýn. Það vakti mikla hrifningu í Hollandi, bæði meðal fjölmiðlamanna og annarra, hversu ákveðnir og einarðir þeir voru að halda áfram þótt vissulega væru ákveðin ljón í veginum. Ég tel að þetta beri vott um mikla hæfileika í viðskiptum og skýra framtíðarsýn.“

„Í Þýskalandi eru gríðarlega mörg millistór fyrirtæki. Þessi fyrirtæki voru flest stofnuð á eftirstríðsárunum og hafa flest verið í eigu sömu fjölskyldna frá upphafi. Nú standa mörg fyrirtækjanna á tímamótum. Við sjáum mikil tækifæri í þeirri endurskipulagningu sem fram undan er.“

HVENÆR SEM ER

Upplýsingar af fjármálamarkaðnum í símann þinn með því að tengjast <http://m.mentis.is>

© Mentis 2007

mentis HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI
á <http://m.mentis.is>

MARKAÐSVAKTIN
mobile



Spennandi ráðstefna um hugbúnaðarlausnir og rekstrarþjónustu

Haustráðstefna Skýrr 2007

- ✓ Föstudagurinn 14. september
- ✓ Nordica Hilton Hotel í Reykjavík
- ✓ Stærsti viðburður haustsins í upplýsingatækni
- ✓ Einstæð heildarsýn á upplýsingatækni fyrir atvinnulífið
- ✓ Vandaðir fyrirlestrar fyrsta flokks sérfræðinga
- ✓ Frábært tækifæri til að hitta kollegana
- ✓ Veisla um kvöldið með skemmtiatriðum og balli
- ✓ Skráning og dagskrá á skýrr.is

5 fyrirlestralínur
10 erlendir fyrirlesarar
35 fyrirlestrar

Microsoft

- ✓ Viðskiptalausnir
- ✓ Samþætting
- ✓ Skjalastjórnun
- ✓ Viðskiptatengsl

Oracle VL

- ✓ Viðskiptalausnir
- ✓ Fjárhagur
- ✓ Mannauður
- ✓ Verkefnastjórnun

Rekstrarþjónusta

- ✓ Gagnavistun
- ✓ Hýsing
- ✓ Kerfisleiga
- ✓ Öryggislausnir
- ✓ Símalausnir

Viðskiptagreind

- ✓ Business Objects
- ✓ Microsoft
- ✓ Oracle

Oracle GT

- ✓ Grunnæknir
- ✓ Data Integrator
- ✓ Hyperion
- ✓ 11g
- ✓ OLAP
- ✓ SOA



Allt á
einum stað

Skýrr



FJÖLMARGIR SÓTTU RÁÐSTEFNU RSE Á FIMMTU-DAGINN VAR í pontu má sjá Benn Steil frá Council on Foreign Relations í New York, Illuga Gunnarsson, alþingismað og fundarstjóra, Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sem flutti setningarávarp, Gabriel Stein frá Lombard Street Research, Manuel Hinds, fyrrverandi fjármálaráðherra El Salvador, og Ársæl Valfells, lektor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands. Glöggir lesendur geta svo reynt að ráða af hnakkasvip þeirra gesta sem sjást hverjir þar eru á ferð.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR

Einhliða evruvæðing ekki úr r

Getur verið að einhliða evruvæðing Íslands sé raunhæfur kostur? Óli Kristján Ármannsson sat fyrir helgi ráðstefnu samfélags- og efnahagsmál, þar sem margir frummælendur voru þeirrar skoðunar. Um þetta eru þó skiptar skoðanir skipan gjalddeyrismála hér fagnað, nauðsynlegt sé að meta kosti og galla krónunnar og bera saman við aðra kost

Talað var fyrir kostum einhliða evru- eða dollaravæðingar þjóðríkja á ráðstefnu sem RSE, rannsóknamiðstöð um samfélags- og efnahagsmál, hélt fyrir helgina um gjaldmiðla og alþjóðavæðingu. Annars vegar var fjallað um möguleika smærri hagkerfa, líkt og okkar, til þess að halda úti sjálfstæðri mynt og þar með sjálfstæðri peningastefnu. Hins vegar var fjallað um framtíð gjalddeyrissfyrirkomulags í heiminum.

Erlendu sérfræðingarnir sem voru með framsögu á ráðstefnu RSE töldu ljóst að fjaraði undan trúverðugleika smærri mynta og það væri þróun sem jafnvel gæti svo smitað yfir á þær stærri. Sumir hverjir töldu jafnvel borðleggjandi að dollara-, eða öllu heldur evruvæðing, væri rétta leiðin hér og vitnuðu til forðæma og eigin reynslu í Mið- og Suður-Ameríku.

ÓLIKU SAMAN AÐ JAFNA

Helst var að efasemdarraddir um þessa leið heyrðust í setningarávarpi Björgvins G. Sigurðssonar viðskiptaráðherra sem þó telur evruna ákjósanlega hér og þá í tengslum við inngöngu í Evrópusambandið og hjá Þóráni G. Péturssyni, staðgengli aðal- hagfræðings Seðlabankans, sem þátt tók í pallborðsum-

ræðum. „Mér finnst merkilegt í umræðu sem þessari að stöðugt séu bornir á borð þeir

afarkostir að hafa annað hvort slæma stefnu í peningamálum eða alls enga,“ segir hann og kveður gengi krónunnar ekki sveiflast meira en gengi annarrar myntar. Hann bendir jafnframt á að í Ameríku sé að finna í Chile dæmi um flotgengismynt þar sem hagkerfi landsins standi vel og betur en í El Salvador og Ekvador þar sem farin hafi verið leið dollara- væðingarinnar. „Engin spurning er að hægt er að bæta slæmt hagkerfi með dollaravæðingu, en hennar gerist hins vegar ekki þörf í hagkerfi þar sem gengur vel.“

Viðskiptaráðherra bendir jafnframt á að einhliða upptaka evru væri dýr leið þar sem bankar yrðu án baklands í Seðlabanka Íslands. „Líklega yrði sá kostur mun dýrari en full aðild að Evrópusambandinu nokkru sinni,“ segir Björgvin G. Sigurðsson, en fagnar umræðunni um framtíðarskipan gjalddeyrismála hér. „Mörgum spurningum þarf að svara áður en hægt er að taka ákveðin skref.“

Tilfellið er að hér býr þjóðin við nokkurn stöðgleika og hagvöxt í þróðu vestrænu ríki þar sem regluverk og lagaumgjörð er á við það sem best gerist í heiminum. Landið er ekki plagað af vandamálum sumra Ameríkubjóða þar sem fólk reynir að leggja fyrir í erlendri mynt vegna vantrúar á eigin gjaldmiðil og af ótta við pólitískan óstöðugleika. Ólafur Davíðsson, lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík, sem einnig tók þátt í pallborði á ráðstefnunni, benti jafnframt á að ólíkt El Salvador væri hér til staðar stöndugt lífeyriskerfi.

AKKILLESARHÆLLINN

Manuel Hinds, fyrrverandi fjármálaráðherra El Salvador, sem nú starfar sem ráðgjafi, og var með framsögu á ráðstefnunni segir hins vegar ekki spurningu um að fara ætti leið dollaravæðingarinnar hér. Þá skoðun byggir hann á eigin reynslu og reynslu El Salvador

við dollaravæðinguna þar. Á ráðstefnunni útlistaði hann skref fyrir skref hvernig fara skyldi að um leið og hann taldi að þeir kostir sem sagðir væru fylgja sjálfstæðri peningastefnu og eigin mynt væru í raun ekki til staðar. Þannig segir Hinds að sjálfstæði í vaxtaákvörðunum væri ofmetið því vextirnir ákvörðuðust í raun af vöxtum annars staðar í heiminum, lands- og gengisáhættu. „Ef gjörðir annarra hafa áhrif á ykkur, þá eruð þið betur sett í liði með hinum,“ segir hann og telur í raun ekki annað þurfa til en að ákveða dagsetningu til gengisskiptanna. „Best er að biðja samt Seðlabanka Evrópu um ráðgjöf í þessu og bjóða honum að hafa hér fulltrúa til að fylgjast með ferlinu, en enda á því að upplýsa Alþjóðagjalddeyrissjóðinn um breytinguna. Hann yrði eðlilega á móti henni enda að glata viðskiptavinum.“

Benn Steil, forstöðumaður alþjóðahagfræðisviðs hjá Council on Foreign Relations í New York í Bandaríkjunum og frummælandi á ráðstefnu RSE, sagði svo í máli sínu að þjóðernishyggja í gjaldmiðlamálum væri „Akillesarhæll alþjóðavæðingarinnar“. Hann telur alþjóðavæðinguna og kvikar fjármagnshreyfingarnar skapa vanda fyrir smærri myntir og geri þeim erfiðara en áður að virka eins og til sé ætlast. Steil telur að gjaldmiðlum í heiminum eigi eftir að fækka og horfir jafnvel til framtíðar þar sem allur heimurinn byggir á einum rafrænum gjaldmiðli sem myndi þá byggja á gullfæti. „Þannig gætum við endað á sama stað og lagt var upp frá. Sama stað og við höfum verið mestalla mannkynssöguna,“ segir hann.

Björn Rúnar Guðmundsson, forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands, hlustaði á erindi og umræður á ráðstefnu RSE og þótti hún um margt forvitnileg. Hann segir vangaveltur um heimsgjaldmiðil sem byggði á rafvæddum gullfæti ef til það fjarri að raunhæfara væri að líta sér nær í valkostum.

Hvað er dollaravæðing?

Með orðinu *dollaravæðing* er vísað til þess þegar lönd hafa einhliða tekið ákvörðun um að láta af sjálfstæðri peningastefnu og skipt út eigin gjaldmiðli fyrir Bandaríkjadal. Nokkur dæmi eru um að þessi leið hafi gagnast ríkjum sem búið hafa við örðugleika sem ýtt hafa undir verðbólgu og grafið undan gjaldmiðli þeirra, svo sem Ekvador og El Salvador. Frægasta dæmið er líklega Panama sem notað hefur dollara sem gjaldmiðil allt frá árinu 1904.

Orðið *dollaravæðing* hefur vegna þessara forðæma orðið samnefni yfir það þegar lönd gefa eigin gjaldmiðil upp á bátinn og taka upp annan án samstarfs eða inngöngu í myntbandalag. Í umræðu hér hefur verið rætt um mögulega „evruvæðingu“ sem í raun er sami hlutur, nema hvað að í stað dalsins yrði tekin upp evra. Skiptar skoðanir eru um hvort vænlegt sé að fara þessa leið.



Myndinni

u RSE, rannsóknamiðstöðvar um
ðanir, en sem fyrr er umræðu um
i sem fyrir hendi kunna að vera.

„Fyrsta ákvörðun væri frekar að tengja sig við eitthvert af þessum stóru kerfum. Hvað okkur varðar er evrópska myntbandalagið það sem liggur næst,“ segir hann og telur það áhugavert sem fram kom á ráðstefnunni að kostirnir í gjaldeyrismálum væru fleiri en þeir tveir sem lagt hefur verið upp með í umræðu hér, en það er annars vegar upptaka evru og aðild að Evrópusambandinu sem í raun væri forsenda þeirrar upptöku, eða að búa áfram við núverandi fyrirkomulag með flotgengi krónunnar. „Mér fannst menn yfirgefa ráðstefnuna með það í huga að aðrir kostir, sem ekki væru síður raunhæfir fyrir land eins og Ísland, væru til staðar.“

SVEIFLUÁHRIF KRÓNU ÖNNUR

Björn Rúnar leggur engu að síður áherslu á að þótt lausnir á borð við dollaravæðingu séu til staðar sé ekki þar með sagt að þær heppnist endilega. „Við búum enn í hagkerfi sem að verulegu leyti byggir á auðlindanýtingu, sjávarútvegi og orkuframleiðslu. Svo erum við með fjárhagslegar langtímaskuldbindingar sem getur verið flókið að fást við ef við vildum fara í myntbreytingu. Annars vegar er það hvað gerist með húsnæðislánin og hver situr uppi með skellinn ef langtíma-vextir lækka varanlega. Tveir aðilar myndu fara illa út úr því, Íbúðalánasjóður og lífeyris-sjóðirnir. Á móti kæmi hagræði fyrir heimilín og fyrirtækin. Þessi vandi er óháður því með hvaða hætti evran yrði tekin upp. Síðan er þessi klassíska hagstjórnarspurning um hvort menn séu tilbúnir að axla það sem því fylgir að gefa frá sér sjálfstæða peningastefnu. Hvað sem sagt er um peningalega þjóðernishyggju þá fylgir henni efnahagslegur öryggisventill sem vissulega hefur nýst okkur í gegn um tíðina. Hvort það er besta lausnin í dag er svo annað mál.“

Björn Rúnar segir hins vegar að þótt krónan sveiflist kannski ekki meira en aðrir



BJÖRN RÚNAR GUÐMUNDSSON Hér má sjá annan tveggja forstöðumanna greiningardeildar Landsbankans flytja erindi á fundi bankans um efnahagsmál í sumar. Björn Rúnar sótti ráðstefnu RSE á fimmtudag og þótti hún um margt forvitnileg.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR



BENN STEIL Benn Steil, sem er forstöðumaður alþjóðahagfræðisviðs Council on Foreign Relations í Bandaríkjunum, sér fyrir sér að í framtíðinni gæti farið svo að heimurinn sameinaðist með rafrænum hætti um einn gjaldmiðil sem stóð ætti í verðmætum á borð við gull. Með því segir hann að yrði horfið til þess fyrirkomulags gjaldmiðlamála sem lengstan part hafi ríkt hjá mannskepnunni.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR



Á FUNDI RSE SÍÐASTA FIMMTUDAG Illugi Gunnarsson alþingismaður stýrði fundi RSE og fylgdist hér með Þórunn G. Pétursdóttur, staðgengli aðal-hagfræðings Seðlabankans, verja krónuna.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR



FYLGISMENN DOLLARAVÆÐINGAR Gabriel Stein, aðalhogfræðingur alþjóðahagfræðisviðs hjá Lombard Street Research, og Manuel Hinds, ráðgjafi og fyrrverandi fjármálaráðherra El Salvador.

MARKAÐURINN/HÖRÐUR

„Engin spurning er að hægt er að bæta slæmt hagkerfi með dollaravæðingu, en hennar gerist hins vegar ekki þörf í hagkerfi þar sem gengur vel.“

gjaldmiðlar, svo sem japanska jenið, þá séu áhrifin af sveiflu krónunnar önnur. „Sveiflurnar í gengi jensins skapa ekki verðbólgu í Japan með sama hætti og sveiflur í gengi krónunnar gera hér,“ segir hann og bætir við að þótt einhliða upptaka annarrar myntar hér væri ekki fullkomnasta fyrirkomulag sem mætti hugsa sér myndi það gegna betur tilætluðu hlutverki en mynt sem með sveiflum sínum leiðir af sér mikla ólgu í undirliggjandi rekstrarskilyrðum fyrirtækja og verðbólgu fyrir heimilín. „Þegar upp er staðið er hlutverk peninga að greiða fyrir viðskiptum milli einstaklinga og fyrirtækja, eins konar smurning á efnahagslífið, auk þess að mæla og viðhalda eignum og gæðum. Þegar þessi virkni er farin að líða fyrir sveiflu og smæð myntanna þá setur maður spurningarmerki við hversu lengi er réttlætjanlegt að viðhalda myntinni og hvort maður fái eitthvað út úr því að halda úti sjálfstæðri mynt,“ segir hann og telur að eftir fund sem þann sem RSE stóð fyrir á fimmtudaginn mætti gefa hugmyndum sem þessum smáséns. „Mín persónulega skoðun er sú að það kerfi sem við byggðum upp árið 2001 þegar við tókum upp verðbólgu-markmið hefur ekki skilað þeim árangri sem menn vonuðust eftir. Mjög nauðsynlegt er því að skoða með opnum huga hvort ástæða er til að reyna aðra leið til að ná markmiðum um efnahagslegan stöðugleika þar sem viðhaldið er sæmilega eðlilegum rekstrarskilyrðum fyrir atvinnulífið og lágmarks verðbólgu.“ Þá segist Björn Rúnar sammála fyrirlesurum ráðstefnu RSE um að þróunin í heiminum sé frekar í þá átt að myntir verði færri og stærri. Björn Rúnar telur upptöku flotkrónunnar 2001 hafa verið rétta ákvörðun miðað við þær aðstæður sem á voru til staðar. „En þar með er ekki sagt að við eigum að vera með núverandi fyrirkomulag um alla framtíð. Rökin fyrir því að taka upp fastgengi eru mun sterkari nú en þau voru fyrir sex árum.“

Silfrið hvarf úr landi á þjóðveldisöld

Ásgeir Jónsson, forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings, segir að mörgu þurfa að hyggja í tengslum við vangaveltur um að taka hér einhliða upp evru, málið sé langt því frá einfalt.

„Til dæmis yrði að leysa vandamál eins og lánveitingar til þrautavara. Ríkið yrði að kaupa upp íslensku myntina og erfitt að átta sig á hvað það væri nákvæmlega mikill peningur. Þá sér maður kannski ekki alveg í hendi sér hvernig þetta kæmi nákvæmlega til með að virka þegar komið er svo mikið utan- aðkomandi peningaframboð inn í landið, til dæmis ef viðskiptahalli væri mikill. Hann þyrfti að fjármagna með einhverjum hætti. Myntsvæði má svoltið hugsa sér eins og stöðuvatn í sem flæðir bæði í og úr. Í miklum viðskiptahalla yrði nettóflæði fjármuna meira úr landi,“ segir Ásgeir en vill þó ekki útiloka að hægt væri að fara þessa leið. „En í öllu falli er þetta mjög áhugavert sem fræðileg vanga-velta.“

Ásgeir segir hins vegar ljóst að evru-

aðild væri miklu betri því öðrum kosti væri þetta líkt og að ákveða við upphaf ferðalags að elta einhvern gönguhóp óboðinn. „Maður nýtur kannski góðs af samfylgdinni, en fær maður í hópnum þann stuðning sem maður þarf raunverulega á að halda.“

Ásgeir bendir á að við upphaf landnáms hér hafi silfrið verið notað sem gjaldmiðill í viðskiptum líkt og í Skandinavía, bæði hafi verið hægt að vinna eitthvað hér og svo hafi landnemarnir líka haft með sér töluvert silfur að heiman. „En svo virðist hafa verið einhver viðskiptahalli þannig að silfrið hvarf úr landi og fólk var að hverfa til greiðslumiðla á borð við fisk eða álnir í staðinn. Eitthvað svipað mun eiga við í svona myntkerfi. Ein- hvern þarf til að jafna út peningaframboðið. En málið er æði flókið því verið er að ræða um peningamargfaldara, bankakerfið, og samspil þess við ríkið.“



ÁSGEIR JÓNSSON forstöðumaður greiningardeildar Kaupþings.

SAMNINGATÆKNI

Ef... þá!

Samningaviðræður ganga ekki út á einhliða eftirgjöf eða stranga kröfugerð. Þær fjalla hvorki um átök eða uppgjöf. Samningaviðræður fjalla um að taka sameiginlega ákvörðun sem uppfyllir eins margar þarfir beggja aðila og mögulegt er. Ef annar aðilinn gæti tekið ákvörðun um endanlega niðurstöðu þá væru samningaviðræður óþarfar. Viðkomandi myndi einfaldlega ákveða niðurstöðuna. Ef þú heyrir þetta við samningaborðið: „Það er engin önnur lausn möguleg, þú verður að samþykkja tilboðið

eins og það stendur frá mér,“ þá veistu a.m.k. að mótaðili þinn hefur rangt fyrir sér. Til þess að ná samkomulagi þarf að semja og samningarnir fela í sér að báðir aðilar gefa og taka.

EF...

Mikilvægi þess að hafa jafnvægi í samningaviðræðunum er hvergi jafnmikið og þegar kemur að tillögugerð. Samningamönnum geta fyrirgefist mistök í undirbúningi og í umræðum en í sjálfri tillögugerðinni er lítið eða ekkert rúm fyrir fótaskort á tungunni. Góð tillaga felur í sér tvennt: Skilyrði og tilboð. Skilyrðið er það sem þú þarft að fá til að ná samkomulagi. Tilboðið

er það sem þú gefur af hendi til að ná niðurstöðu. Ein algengustu mistök sem samningamenn gera er að sleppa algjörlega að setja skilyrði fyrir tilboðum sínum: „Hvað ef við höfum það tvær milljónir“. Sá sem heyrir tilboðið hefur engu að tapa með því að hafna því. Hann hefur enga ástæðu til að segja „Já“, því það kostar hann ekkert að segja „Nei, tvær milljónir eru ekki nóg“. Meðan það kostar hann ekkert, þá er eðlilegt að hann reyni fyrir sér með því að hafna tilboðinu og fara fram á meira en tvær milljónir.

...ÞÁ

Bestu tilboðin eru skilyrt: „EF

þú samþykkir ábyrgðarskilmálana eins og þeir standa, ÞÁ greiði ég tvær milljónir innan 30 daga.“ Þau hafa bæði harðan og mjúkan hluta: Hið harða skilyrði og hið mjúka tilboð. Þannig endurspeglar þau eðli samningaviðræðna, sem er að gefa og taka til þess að ná niðurstöðu sem uppfyllir hagsmuni beggja aðila. Samningamenn þurfa ekki að fara hjá sér við að setja fram skilyrði með tilboðum sínum. Á sama tíma ættu þeir aldrei að samþykkja tillögu sem felur aðeins í sér skilyrði en ekkert tilboð. Það er ekki nóg að setja fram kröfur, þeim þarf að fylgja framlag. Einfaldasta þumalputtareglan sem hægt er að nota til þess

að koma í veg fyrir mistök í tillögugerð er að gæta þess að þessi tvö orð komi fram í öllum þínum tillögum: EF (skilyrði), ÞÁ (tilboð). Ef þú hefur lesið þessa grein, þá eru líkur á að þú gerir betri tillögur! Nú getur þú t.d. sagt við kollega: „Ef þú nærð í kaffi fyrir mig, þá færðu Markað Fréttablaðsins“.

Aðalsteinn Leifsson, lektor og forstöðumaður MBA-náms í Háskólanum í Reykjavík þar sem hann kennir samningatækni.



SPÁKAUPMAÐURINN

Að ganga á vatni

Viðskipti eru öðrum þræði list. Þetta var niðurstaða mín þar sem ég stóð úti í miðri laxveiðiánni sem loksins er byrjuð að gefa eftir þurrkasumarið mikla.

Ég var kominn í eins konar leiðslu þar sem ég horfði í vatnið og hugsaði til þess hvernig hið ómögulega getur gerst og hvernig sumir eru gjörsamlega ódreppandi. Eins og til dæmis Jón Ólafsson sem er upprisinn og gengur á vatni. Ég man bara eftir einum öðrum sem tókst þetta tvennt.

Ég var kominn í þunga þanka yfir senu sögunnar þegar gæðinn minn setti í einn stóran og rétti mér stöngina. Þetta var átta punda lax og ég gleymdi heimspökilegum þönkunum meðan adrenalínið tók völdin og laxinum var landað eftir nokkra glímu.

Yfir koniákinu um kvöldið héldu vangavelturnar áfram um eðli viðskipta og hvernig séniin rísa aftur og aftur. Einn úr hópnun benti á að ríkustu menn í Bandaríkjunum hefðu farið oft en einu sinni á hausinn. Ég gat aftur á móti rifjað upp Guðsgjafaþulu Halldórs Laxness, af því að ég er eini úr hópnun sem er litterer. Aðalpersónan, Íslands Bersi fór fjórum sinnum á hausinn áður en hann stóð. „Fjórum sinnum féll á kné /í fimmta skiptið stóð hann.“

Þetta leiðir hugann að því að maður á aldrei að afskrifa neinn. Menn eru ekki mældir eftir því hversu oft þeir eru slegnir niður, heldur hversu oft þeir standa upp.

Viðskipti eru skapandi heimur. Þar gilda ýmis lögmál, en ótrúlegt rými er innan þeirra fyrir innsæi sem aftur gerir það að verkum að sumir virðast vera séni. Aðrir eru heppnir. Ég þarf sjálfur ekki að kvarta undan eigin árangri á þessum vettvangi. Ég nenni samt lítið að spá í það í hvorum hópnunum ég er. Niðurstaðan skiptir öllu máli og ég þarf ekki að skammast mín fyrir árangurinn. Ekki heldur fyrir síðustu vikur, en þar tókst mér listilega að renna mér eina salíbunu með markaðnum eins og fimasti brimbrettakappi. Þannig erum við bara sumir, fljóttum ofan á eða göngum á vatninu hvað sem öðru líður.

Það er kannski þessu óviðkomandi, en gaman að geta þess að ég var sá langaflahæsti í túrnun.

Spákaupmaðurinn á horninu

Hringdu í síma

512 5060
ef blaðið berst ekki



512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

**TRYGGÐU ÞÉR
ÁSKRIFT AÐ SÝN 2**

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu
30% afslátt af fyrsta mánuðinum

SYN2
enski boltinn

Krónubréf fella ekki gengið ein og sér

Útgáfa krónubréfa er ein birtingarmynd þeirrar alþjóðavæðingar sem gengið hefur yfir íslenska hagkerfið undanfarin ár, að mati Stefáns Þórs Sigtryggssonar sérfræðings hjá Spron. Jón Skaftason ræddi við Stefán, sem skrifaði lokaritgerð í viðskiptafræði um jöklabréfaútgáfu nú í í vor.

Áhrif svokallaðra jöklabréfa, eða krónubréfa, á íslenska hagkerfið eru á heildina litið jákvæð að mati Stefáns Þórs Sigtryggssonar, sérfræðings í fyrirtækjaþjónustu SPRON. Stefán Þór útskrifaðist með BS í viðskiptafræðifjarmálum frá Háskóla Íslands nú í vor, og fjallaði lokaritgerð hans um jöklabréf og áhrif þeirra á íslenska hagkerfið.

Jöklabréf, eða krónubréf, nefnast skuldabréf sem gefin eru út í íslenskum krónum á erlendum skuldabréfamarkaði. Fjárfestar; innlendir sem erlendir, kaupa bréfin og verða að greiða fyrir með íslenskum krónum. Sé um erlendan fjárfesti að ræða verður hann að afla fjárins á innlendum gjaldeyrismarkaði; hinn erlendi útgefandi fær þannig andvirði skuldabréfaútbodsins í íslenskum krónum, meðan kaupandinn eignast skuldabréf í íslenskum krónum, og ber þá gjaldeyrishættu sem því fylgir.

Krónubréfaútgáfa hófst á haustdögum árið 2005 og hafa síðan verið gefin út bréf fyrir 526 milljarða króna. Umsvifamestu útgefendurnir eru Þýski ríkisbankinn KfW, austurríska ríkið, hinn hollenski Rabo-banki og Evrópski fjárfestingabankinn (EIB).

Ýmsir hafa lýst áhyggjum af því að þegar krónubréfin falli á gjalddaga geti það haft voveiflegar afleiðingar fyrir krónuna og jafnvel fellt gengið á einum degi.

Stefán Þór segir málið þó ekki svo einfalt „Ég kemst að þeirri niðurstöðu í ritgerðinni að stórir gjalddagar krónubréfa fella ekki gengið eitt og sér, heldur þyrfti til nokkra samverkandi þætti. Það gæti til að mynda orðið þungur baggi ef í kjölfar stórs gjalddaga fylgdi krísa eins og sú sem riðið hefur yfir markaði vegna annars flokks húsnæðislána í Bandaríkjunum.“

Alls hafa verið gefin út krónubréf fyrir um tvö hundruð milljarða íslenskra króna það sem af er ári, en á móti hafa fallið á gjalddaga bréf að andvirði 65 milljarða. Framundan eru nokkrir stórir gjalddagar; í september koma bréf fyrir níutíu milljarða á gjalddaga, og fyrir um sjötíu milljarða í janúar „Það er engin ástæða út af fyrir sig til að óttast þessa gjalddaga. Markaðurinn er framsýnni en svo. Þegar krónubréfin eru gefin út eru áhrifin á gengið metin fram í tímann, þannig að ekki er að vænta einhverra skella þegar gjalddagarnir renna upp.“

Í mars 2006 féll gengi krónunnar nokkuð skarpt vegna neikvæðrar umfjöllunar um íslenskt viðskiptalíf erlendis. Stefán segir þá krísu raunar birtingarmynd þess sem gæti gerst ef þættir á borð við mikinn samdrátt fasteignaverðs eða krísu á erlendum eða innlendum verðbréfamörkuðum kæmu beint ofan í stóran gjalddaga krónubréfa. „Hætt-



an er vissulega fyrir hendi. Hins vegar verðum við að hafa í huga að við höfum framtíð krónubréfaútgáfunnar í eigin höndum að nokkru leyti. Lánseftirspurnin er það sem heldur þeim gangandi, og þegar við hættum að taka lán á þeim háu vöxtum sem bjóðast líður útgáfan undir lok.“


Stefán veltir einnig fyrir sér áhrifum krónubréfaútgáfunnar á íslenska hagkerfið til lengri og skemmri tíma. Hann telur aðkomu erlendra fjárfesta gríðarlega mikilvæga; með því dýpki íslenski markaðurinn og velta aukist. „Til skamms tíma getur jöklabréfaútgáfan hins vegar ógnað stöðugleika hagkerfisins, að því gefnu að samfara stórum gjalddaga verði atburðir sem reynast krónunni erfiðir. Þessi möguleiki er fyrir hendi, þótt maður sjái ekki endilega í hendi sér að von sé á slíkum atburðum,“ segir Stefán, og bætir við: „Niðurstaða mín er hins vegar sú að jöklabréfaútgáfan sé jákvæð fyrir efnahagslífið, og ein skýrasta birtingarmynd þeirrar alþjóðavæðingar sem þar hefur orðið undanfarin misseri.“

STEFÁN ÞÓR SIGTRYGGSSON, SÉRFRÆÐINGUR HJÁ SPRON Engin ástæða er til að óttast stóra gjalddaga krónubréfa að mati Stefáns „Markaðurinn er framsýnni en svo. Þegar krónubréfin eru gefin út eru áhrifin á gengið metin fram í tímann, þannig að ekki er að vænta einhverra skella þegar gjalddagarnir renna upp.“

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÁRANGUR AF YFIRSÝN

COGNOS RÁÐSTEFNA





INNSIGLA SAMNING Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku, og Fritz Hauff, forstjóri Aquametro, skrifa undir samstarfssamning.

MARKAÐURINN/VALLI

Marorka færir út kvíarnar

Hátæknifyrirtækið Marorka og svissneska fyrirtækið Aquametro hafa gert með sér samstarfssamning um markaðssetningu á eldsneytisstjórnunarkerfi fyrir skip. Skrifað var undir samstarfssamninginn á föstudaginn var. Eldsneytisstjórnunarkerfið er staðlað kerfi sem hentar öllum tegundum skipa sem ganga fyrir svartolíu.

Í fréttatilkynningu frá Marorku segir að með tilkomu samningsins opnast ný og spennandi markaðssvæði fyrir Marorku sem í dag starfar á Íslandi, í Noregi og Danmörku. Hingað til hafi fyrirtækið einbeitt sér að markaðssetningu orkustjórnunarkerfa til skipa-útgerða við Norður-Atlantshaf. Samstarfið við Aquametro opni aftur á móti leið fyrir Marorku að skipasmíðastöðvum í Asíu. Þá muni Aquametro framvegis notast við hugbúnað frá Marorku við markaðssetningu allra kerfislausna sinna.

- hhs

Vinna hafin við átöppunarverksmiðju

Jón Ólafsson, stjórnarformaður Icelandic Water Holdings, tók fyrstu skóflustunguna að nýrri 6.600 fermetra átöppunarverksmiðju félagsins í Þorlákshöfn á föstudag.

Stefnt er að því að verksmiðjan verði fullbúin næsta sumar og geti náð í áföngum allt að 250 milljón lítra afkastagetu á ári en reiknað er með að um 35 til 40 manns muni starfa við framleiðsluna.

Greint var frá því í síðasta mánuði að Icelandic Water Holdings hefði gert tímamótasamning við bandaríska drykkjavörurissann Anheuser-Busch, sem hvað þekktast er fyrir framleiðslu á Budweiser-bjór. Fyrirtækið hefur eignast fimmtungshlut í vatnsfyrirtæki Jóns og sonar hans í Þorlákshöfn en það tekur jafnframt að sér að dreifa vatni þeirra undir merkjum Icelandic Glacial um öll Bandaríkin.

- jab



STJÓRNARFORMAÐUR Á SKÓFLUNNI Jón Ólafsson brosti sínu breiðasta er hann tók fyrstu skóflustunguna að átöppunarverksmiðju Icelandic Water Holdings við Þorlákshöfn á föstudag.

MYND/SUNNLENSKA FRÉTTABLAÐIÐ



ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS

TRADE COUNCIL OF ICELAND



Erlendir sérfræðingar á Íslandi:

viðhorf, þörf og tækifæri

Priðjudaginn 4. september 2007
Grand Hótel, kl. 8.15–10.00

Alþjóðavæðing íslensks atvinnulífs og fjárfestingar erlendra fyrirtækja á Íslandi hafa aukið eftirspurn og þörf fyrir erlent starfsfólk með sérfræðipækkingu. Hvaða þýðingu hefur þessi þróun fyrir íslenskt atvinnulíf? Hvernig gengur að fá þetta fólk til starfa og hvernig móttökur fær það hér á landi?

Fjárfestingarstofan og Útflutningsráð halda morgunverðarfund um málefni erlendra sérfræðinga á Íslandi þar sem m.a. verða kynntar niðurstöður rýnihóparannsóknar um viðhorf sérfræðinga af erlendum uppruna, til búsetu og starfa á Íslandi.

Framsögumenn eru:

- **Pórður H. Hilmarsson**, forstöðumaður Fjárfestingarstofu
- **Guðný Rut Isaksen**, ráðgjafi hjá Capacent
- **Hildur Dungal**, forstjóri Útlendingastofnunar
- **Helgi Már Þórðarson**, starfsmannastjóri hjá CCP
- **James Wyld**, prófari hjá CCP
- **Alexander Picchietti**, forstöðumaður viðskiptaþróunar og erlendra markaða hjá Símanum
- **Svafa Grönfeldt**, rektor Háskólans í Reykjavík

Fundarstjóri: **Einar Skúlason**, framkvæmdastjóri Alþjóðahússins Þátttökugjald er 1400 kr. Skráning á fundinn er í síma **511 4000** eða með tölvupósti á utflutningsrad@utflutningsrad.is.

Nánari upplýsingar veitir Inga Hlín Pálsdóttir, verkefnisstjóri, inga@utflutningsrad.is.

www.utflutningsrad.is

Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • fax 511 4040 • utflutningsrad@utflutningsrad.is

PIPAR • SÍA • 71612

COGNOS Í 10 ÁR Á ÍSLANDI

Síðustu 10 ár hefur Cognos verið í fararbroddi á Íslandi með hugbúnaðarlausnir fyrir frammistöðustjórnun. Á þessum tíma hefur margt breyst og hefur Cognos stöðugt þróast í takt við síbreytilegt viðskiptaumhverfi heimsins. Í tilefni þessara tímamóta höldum við ráðstefnu þar sem stjórnendur fyrirtækja geta kynnt sér fleiri leiðir til að ná betri árangri.

DAGSKRÁ RÁÐSTEFNUNNAR / 6. SEPTEMBER Á NORDICA HOTEL

08:45 - 09:00	Skráning
09:00 - 09:15	Setning ráðstefnunnar - Rolf Lydén, sölustjóri hjá Cognos Svíþjóð
09:15 - 10:10	Framtíðarsýn Cognos - Les Rechan, Chief Operating Officer Cognos
10:10 - 10:30	Kaffihlé
10:30 - 11:15	Reynslusaga – innleiðing Cognos hjá CCP - Snorri Árnason hjá CCP
11:15 - 12:00	Frammistöðustjórnun - Meg Dussault, höfundur bókarinnar „The Performance Manager“
12:00 - 13:15	Hádegisverður
13:15 - 14:00	Nýtt í Cognos Planning og Cognos Controller - Jakob Hartzell, sérfræðingur hjá Cognos Svíþjóð
14:00 - 15:00	Nýtt í Cognos 8 stjórnendahugbúnaði - Juha Teljo, sérfræðingur hjá Cognos Finnlandi

Ráðstefnustjóri – Aðalsteinn Valdimarsson, stjórnarformaður HugarAx

Skráning á www.cognos.is/radstefna2007 eða í síma 545 1000

Söluaðilar Cognos á Íslandi:

HUGUR / AX

annata

apacent

atidria

COGNOS®
ÁRANGUR Á ÍSLANDI Í 10 ÁR

Fyrstu lýðheilsufræðingarnir útskrifaðir

Læknir, félagsfræðingur, líffræðingur, viðskiptafræðingur og kennari eru meðal þeirra fimmtán sem útskrifuðust sem lýðheilsufræðingar frá Háskólanum í Reykjavík síðastliðinn laugardag. *Hólmsfríður Helga Sigurðardóttir* hitt þrjá hinna nýútskrifuðu meistara sem ætla að valda straumhvörfum í íslensku samfélagi.

Á laugardaginn voru lýðheilsufræðingar í fyrsta sinn útskrifaðir hér á landi. Sautján manna hópur hélt þá upp á lok tveggja ára meistaranáms við Háskólann í Reykjavík. Námið er þverfaglegt eins og samsetning hópsins ber með sér. Innan hans er meðal annars að finna lækni, hjúkrunarfræðing, sjúkraþjálfara, líffræðing, kennara, félagsfræðing og viðskiptafræðing. Hlutverk lýðheilsufræðinga er á sama hátt víðtækt. Það er ekki síður göfugt: „Að hafa áhrif á samfélagið og breyta því til batnaðar þannig að allir hafi jafna möguleika á að lifa heilbrigðu lífi.“

ÆTLA AÐ VALDA STRAUMHVÖRFUM

Lýðheilsufræði er ekki ný af nálinni. Hún hefur verið kennd í háskólum á Norðurlöndunum undanfarin tuttugu ár. Þá byggja Bandaríkin á langri sögu í rannsóknnum á þessu sviði. Þótt hún hafi farið lágt á Íslandi er hér fyrir þó nokkuð stór hópur fólks sem hefur sótt lýðheilsu-menntun til annarra landa. Hópurinn sem nú var að útskrifast frá HR er hins vegar fyrsti stóri hópurinn sem hlýtur menntunina hér á landi og útskrifast á sama tíma. Þær Birna Baldursdóttir, Jenný Ingudóttir og Ólöf Kristín Sívertsen eru þeirra á meðal. Þær segja hópinn ætla að valda straumhvörfum. Allar forsendur séu fyrir hendi nú til að mynda nauðsynlegan slagkraft til að koma hugmyndafræðinni á kortið. Að þeirra sögn er Ísland kjörstaður til að ná árangri. Smæð þjóðfélagsins geti hjálpað til þar sem raunverulega er hægt að ná til allra í ákveðnum hópi. Nokkuð sem ómögulegt gæti reynst annars staðar.

SNERTIR Á FLESTUM SVIÐUM SAMFÉLAGS

Hugtakið lýðheilsa grundvallast á samfélagslegri og sameiginlegri ábyrgð á að bæta heilbrigði, lengja líf og auka lífsgæði fólks. Hugmyndin er því mjög víðtæk og teygir sig raunar inn á flestöll svið samfélagsins. Hlutverk lýðheilsufræðinga er að skilgreina vandamál og fara yfir hvað getur valdið þeim. Út frá því eru settar í gang aðgerðir, þeim fylgt eftir og skoðað hverju þær skila.

Margir myndu tengja lýðheilsufræði beint við heilbrigðisgeirann. Þremmenningarir segja þau hins vegar alls ekki takmarkast við hann. Fræðin séu þverfagleg og snerti á félagslegum, efnahagslegum og umhverfislegum þáttum. Þær segja lýðheilsufræðing til að mynda eiga fullt erindi inn í fyrirtæki, ekki síður en til sveitarfélaga eða stofnana. Lýðheilsufræðingur gæti tekið á starfsmanna- og mannaúsmálum til dæmis. Hann myndi hafa það að aðalmarkmiði að efla heilsu og bæta líðan starfsmanna. Rannsóknir sýna að kostnaður við ráðningu nýs starfsmanns er gríðarlegur. Í skýrslu um mannaútsjórnun á Íslandi, sem unnin var af sérfræðingum innan Háskólans í Reykjavík, kemur fram að starfsmannavelta hér á landi var þrettán prósent á ársgrundvelli árið 2005. Að bæta heilsu og líðan starfsmanna skilar bæði í meiri afköstum og minni starfsmannaveltu, sem vert er að sækjast eftir.

ÝMISLEGT Á PRJÓNUNUM

Þrátt fyrir að bleiki sé rétt að þorna á prófskríteinum lýðheilsufræðinganna eru þegar ýmis plön komin á prjóna þeirra.




NÝÚTSKRIFAÐIR LÝÐHEILSUFRÆÐINGAR Jenný Ingudóttir, Ólöf Kristín Sívertsen og Birna Baldursdóttir eru meðal fimmtán nýútskrifaðra lýðheilsufræðinga frá Háskólanum í Reykjavík. MARKAÐURINN / HRÖNN

Í vor var Félag íslenskra lýðheilsufræðinga stofnað. Er vonin að ná til allra lýðheilsufræðinga, bæði þeirra sem fyrir voru og hinna sem útskrifuðust nú. Þær Birna, Ólöf Kristín og Jenný eru samála um mikilvægi þess að koma upp öflugu tengslaneti þeirra á milli, sama hvaðan menntunin er komin, enda er samvinna lykillinn að árangri. Þá má ráða af orðum þremmenninganna að þess verði ekki langt að bíða uns einhver þeirra taki sig saman og stofni ráðgjafarfyrirtæki með sérstaka

áherslu á lýðheilsutengd málefni.

Hinn 21. september býður útskriftarhópurinn til hádegisverðarfundar þar sem hugtakið lýðheilsa og námið við Háskólann í Reykjavík verður kynnt ásamt loka- verkefnum nemenda. Bóðið verður upp á léttar veitingar. Það er um að gera fyrir stjórnendur fyrirtækja og aðra áhugasama að skjótast upp í HR í hádeginu og kynnast þeim ávinningi sem lýðheilsufræðingar geta skapað fyrirtækjum og stofnunum.



ÖRYGGISRÁÐSTEFNA EJS – 13. SEPTEMBER

HIN ÁRLEGA ÖRYGGISRÁÐSTEFNA EJS VERÐUR HALDIN Á NORDICA HÓTEL, FIMMTUDAGINN 13. SEPTEMBER N.K.

Ráðstefnan hefur aldrei verið glæsilegri og mun Logi Bergmann Eiðsson stýra dagskránni. Fyrirlesarar á borð við forstjóra Trend Micro sem er á listanum yfir 50 áhrifamestu einstaklinga innan upplýsingatækninnar, yfirmann öryggismála hjá Amazon.com, Vice President & General Manager hjá EMC og fleiri fróðir einstaklingar skipa þessa glæsilegu dagskrá.

Skráning fer fram á www.ejs.is. Nánari upplýsingar um skráningu og dagskrá veitir Sverrir Hákonarson, sverrir@ejs.is.

ÞEIR SEM SKRÁ SIG FYRIR 5. SEPTEMBER FÁ GÓÐAN AFSLÁTT.

19.900 kr. – skráning fyrir 5. september

26.900 kr. – skráning eftir 5. september

23.900 kr. – fyrir starfsmenn ríkisfyrirtækja og skóla eftir 5. september



Eva Chen, Trend Micro
Co-Founder, CEO
Fyrirlestur: "Security in the Extended Enterprise"



Jesper Johansson, Amazon.com
Principal Security Manager
Fyrirlestur: "Naked Dancing Pigs and Werner Heisenberg: How Security Changes Everything"



Dennis Hoffman, EMC
Vice President & General Manager
- Data Protection Group
Fyrirlestur: "Information-Centric Security"



Mark Murtagh, Websense
Product Director
Fyrirlestur: "How Information Leaks can impact your ability to do Business"



Paul King, Cisco
Senior Security Advisor to Chief Security Office (CSO)
Fyrirlestur: "How Cisco protects Cisco"



Mark Minasi, Minasi Research & Development
Author/Consultant
Fyrirlestur: "Rounding up to Longhorn"

Opíð 9-18 alla virka daga og 10-16 á laugardögum

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000



SKEMMTILEGRA SJÓNVARP



REIKNADU ÞINN AFSLÁTT ÚT Á STOD2.IS



Sjáðu meira... fyrir minna

1 stöð
valin **M12**
5% afsláttur

2 stöðvar
valdar **M12**
SILFUR
20% afsláttur

3 stöðvar
valdar **M12**
GULL
25% afsláttur

4 stöðvar
valdar **M12**
PLATINUM
30% afsláttur

Dæmi: Þú hefur valið tvær áskriftarstöðvar. M12 Silfur tryggir þér 20% afslátt.

- Stöð 2
- Sýn
- Sýn 2
- Fjölvarpið allur pakinn
 - Fjölvarpið skemmtun
 - Fjölvarpið sport
 - Fjölvarpið fræðsla
 - Fjölvarpið Evrópa

Stöðvar	Fullt verð	M12 Silfur	Afsláttur
Stöð 2	5.390 kr.	4.312 kr.	20%
Sýn 2	4.390 kr.	3.512 kr.	20%
Samtals	9.780 kr.	7.824 kr.	

Þú sparar **1.956 kr.**

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% aukaafslátt fyrsta mánuðinn.

Halda áfram

M12 er vildarkerfi sem tryggir áskrifendum betri kjör. Afslátturinn eykst eftir því sem fleiri stöðvar eru valdar.

BANKHÓLFID



Litlu fjárfestarnir

Líkamsræktarstöð World Class í Laugum í Reykjavík hefur löngum þótt helsti viðkomustaður flotta fólksins. Búningsklefinn í Laugum sem veitir aðgang að baðstofunni þykir flottastur. Aðgangsmiðinn er alla jafna þrisvar sinnum dýrari en í svokallaðan almenning og vart á færi annarra en hátekjumanna. Upp á síðkastið hefur hins vegar borið á því að næsta óþekktir einstaklingar hafa sést ganga inn í fína klefann. Talið er að þarna séu á ferðinni litlu fjárfestarnir sem hafi nýtt sér niðursveiflu á hlutabréfamörkuðum og komið ferskir inn í hluthafahóp ýmissa félaga. Ólyginn segir þá hafa tekið brosandí upp greiðslukortid enda hafi margir þegar tekið í huganum inn stórgróða á framreiknuðu gengi.

Aldurinn skiptir máli

Hollenska iðnsamstæðan Stork N.V. blés til hluthafafundar að beiðni breska fjárfestingasjóðsins Candover til að kynna yfirtökuþilboð sjóðsins í samstæðuna. Candover-menn þóttu á fundinum heldur gera í brækurnar þegar fulltrúi sjóðsins kaus að taka ekki til máls eða svara spurningum hluthafa um fyrirætlan með yfirtökunni. Ef til vill er það þó ekki að undra því fundargestir voru smámunarsamir í meira lagi og fundurinn farinn að dragast heldur á langinn. Þannig gerði einn hluthafi stórmál úr því að gleymst hafði að uppfæra æviágrip í upplýsingum sem dreift var á fundinum um ráðgjafarstjórnarmenn sem í kjöri voru. „En þú sérð þarna á blaðinu hvenær maðurinn er fæddur,“ benti stjórnarformaður Stork reiðum hluthafa á, en hann var verulega ósáttur við að sá sem sagður var þrítugur væri í raun orðinn 32 ára.

Hagnaður í smákökum

Og enn um litlu fjárfestana því ekki þarf nema örlitla þekkingu á hlutabréfaviðskiptum til að sjá að stórhættulegt er að eyða hugsanlegum framtíðarhagnaði af hlutabréfadílum langt fram í tímann. Litlu fjárfestarnir sem komu ferskir inn á hlutabréfamarkað í niðursveiflunni geta hins vegar huggað sig við að bregði til beggja vona í hagnaðartökunni þá eigi þeir víst sæti á hluthafafundum. Þar þurfa þeir ekki nema eina litla smáköku til að taka inn hagnað af hlut sínum miðað við hlut stórlaxanna. Stóru hluthafarnir þurfa á móti að innbyrða ansi margar smákökur til þess eins að ná upp í eignarhlut sinn.

12%

hlutfall gengistryggðra lána af heildarskuldum heimilanna við banka og sparisjóði.

6

milljarða króna hagnaður móðurfélags Atorku á fyrstu sex mánuðum ársins.

17,6%

raunavöxtun lífeyrissjóðsins Gildis á ársgrundvelli.

MOSFELL

KERTO LÍMTRÉ

Finnsk gæðavara

Létt og meðfærileg

Hátt brunapol

Hæð eftir óskum

Lengd allt að 23 m.

Alltaf til á lager

16% meira eldþol

20% meira brotþol



Söluaðilar um allt land



KERTO LÍMTRÉ býður upp á ýmsa möguleika.

KERTO LÍMTRÉ er frá Finnlandi og hefur verið á markaði á Íslandi frá árinu 1981.

KERTO LÍMTRÉ er það hagkvæmasta og besta sem notað er sem burðarbitar.

KERTO LÍMTRÉ getur sparað verulega fjármuni í burðarvirki þar sem þaksperrur fara yfir 5 metra í lengd, þá er notað KERTO LÍMTRÉ í stað hefðbundinna þaksperra og losnað við burðarbita og súlur.

Einnig er KERTO notað í milliveggjastoðir.

KERTO LÍMTRÉ, eitt það besta í tré, til nýbygginga og viðhalds.

TM MOSFELL EHF • HOLTSBÚÐ 93 • SÍMI 566 6606 • FAX 566 6619 • MOSFELL@MOSFELL.IS • WWW.MOSFELL.IS

NÝTT

ENSKI BOLTINN ER FARINN AÐ RÚLLA!

> MYNDBROT ÚR LEIKJUM > FRÉTTIR > STAÐAN
> LEIKMENN OG SÉRFRÆÐINGAR BLOSSA

www.visir.is/enski



visir.is

Í SAMSTARFI VIÐ
SÝN2